

Vinnureglur um val á mótsstað Landsmóta UMFÍ 50+

Til að geta haldið Landsmót UMFÍ 50+ þarf að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur.

Mótshaldari og samfélagið

Keppendur geta orðið allt að 1.000 talsins og gestir mótsins um 5.000. Mótshaldari þarf að sýna fram á að hann hafi styrk og bakland til að framkvæma mótið. Mótshaldari þarf einnig að gera grein fyrir almennri þjónustu í samfélaginu, svo sem heilbrigðisþjónustu, löggæslu, veitingasölu og gistiþjónustu.

Aðkoma og stuðningur sveitarfélagsins þarf að liggja fyrir með umsókn um mótið.

Tjaldsvæði

Tjaldsvæði skal vera fyrir a.m.k. 200 manns, með aðgengi að rafmagni og hreinlætisaðstöðu.

Gistiðstaða

Gistiðstaða þarf að vera fyrir 150 – 200 manns í næsta nágrenni.

Keppnisgreinar & keppnissvæði

Umsækjandi þarf að tilnefna keppnisgreinar og keppnisaðstöðu í umsókn sinni. Skoða þar dreifingu á keppnissvæðum og taka afstöðu í þeim málum. Keppnissvæðin skulu öll vera sem næst aðalkeppnissvæðinu.

Keppnisgreinar & keppnisaðstaða

1. Almenningshlaup
2. Boccia: Íþróttahús 18x36 eða stærra eða stór salur
3. Bridds: Salur eða skólastofur
4. Frjálsíþróttir: Keppnisaðstaða getur verið á mól, tartani eða grasi. Það þarf að vera steypdur kasthringur fyrir kúlu og kringlu sem og hlaupabraut fyrir 60 m. hlaup.
5. Golf: 9 holu völlum í hámarki 40 km. fjarlægð frá aðalmótsstað
6. Hestaíþróttir: Hestaíþróttavöllur
7. Hringdansar: Íþróttahús 18x36 eða stærra eða stór salur
8. Hjólreiðar
9. Línudans: Íþróttahús 18x36 eða stærra eða stór salur
10. Pútt: Púttvöllur

11. Ringó: Íþróttahús 18x36 eða stærra eða góður grasflötur / sparkvöllur
12. Skák: Salur eða skólastofur
13. Starfsíþróttir: Salur eða skólastofur
14. Sund: Sundlaug a.m.k. 16 mtr.
15. Sýningar: Íþróttahús 18x36 eða stærra eða góður salur
16. Þrjúbraut

Áhöld og tæki þurfa að vera klár fyrir allar keppnisgreinar.

Sérgreinastjórar og starfsfólk

Við hverja keppnisgrein þarf að vera hæfur sérgreinastjóri sem heldur utan um sína grein. Hann fær með sér annað starfsfólk við framkvæmd greinarinnar.

Samþykkt á 48. sambandsþingi UMFÍ 2013 í Stykkishólmi